



SSV

Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

# Aðalfundur SSV 2015

## Skýrsla formanns

Hótel Hamri, Borgarnesi 25. mars 2015



SSV

Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

# Ár breytinga

- Árið 2014 var um margt ár breytinga í starfsemi SSV.
- Unnið var að framkvæmd þeirra breytinga sem ákveðnar voru í árslok 2013, sem margar hverjar koma fram í endurskoðuðum lögum.
- Ný verkefni árið 2014
  - Menningarráð var lagt niður og starfsemi þess flutt til stjórnar SSV og fagrað í menningarmálum stofnað
  - SSV eignaðist allt hlutafé í stjórn Vesturlandsstofu og starfsmenn hennar heyra nú undir SSV
- Nýr framkvæmdastjóri ráðinn til starfa



SSV

Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

# Aðalfundur og haustþing

- Aðalfundur SSV fór fram í Borgarnesi 28 mars
  - Hefðbundin aðalfundarstörf
  - Mikil umræða um lagabreytingar
  - Kynning á starfsemi VIRK á Vesturlandi og íbúakönnun SSV
- Haustþing SSV fór fram í Búðardal 18 september
  - Ný stjórn var kjörin
  - Breytingar á lögum samþykktar
  - Mikil áherlsa var lögð á að kynna starfsemi SSV fyrir nýjum fulltrúum.
  - Kynning á skýrslu um sameiningar sveitarfélaga á Vesturlandi
  - Innanríksisráðherra flutti ávarp á fundinum
  - Pallborðsumræður um samskipti ríkis og sveitarfélaga





SSV

Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

# Stjórn SSV

- Fráfarandi stjórn sat til haustþings
  - Hélt alls níu fundi á árinu
- Ný stjórn tók við á haustþingi
  - Formaður stjórnar er Ingveldur Guðmundsdóttir, varaformaður Rakei Óskarsdóttir og Hafdís Bjarnadóttir er ritari.
  - Stjórn hélt tvo fundi frá því hún tók við og fram að áramótum
- Í nýrri stjórn eru 12 fulltrúar.
  - Sveitarfélög með færri en 3000 íbúa eiga 1 fulltrúa
  - Sveitarfélög með fleiri en 3000 íbúa eiga 2 fulltrúa



SSV

Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

# Skrifstofa SSV

- Umfang starfseminnar hefur aukist undanfarin ár
- Skrifstofan tók yfir fjármálalega umsýslu fyrir Vesturlandsstofu árið 2014
- Menningarfulltrúi Vesturlands varð starfsmaður SSV á árinu
- Skipulagsbreytingar, nýr framkvæmdastjóri bættist í hóp starfsmanna
- Stöðugildi í árslok 2014 eru sjö (en vegna námsleyfis starfsmanns voru þau í raun 6,6).



# Sóknaráætlun

- Á árinu 2014 veitti ríkið 11,2 mkr til Sóknaráætlunar Vesturlands
- Samþykkt var að skipta þessari fjárveitingu á fimm verkefni, sem fengu stuðning frá 1,2 mkr og upp í 4,0 mkr
- Síðla sumars hófst undirbúningur að nýrri sóknaráætlun og var unnið ötullega að undirbúningi frá haustmánuðum
- Skrifað var undir nýja sóknaráætlun Vesturlands sem gildir fyrir árinu 2015-2019 í byrjun febrúar s.l.



SSV

Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

# Atvinnuráðgjöf SSV

- Starfsemi atvinnuráðgjafar er í samræmi við samning við Byggðastofun, en í samningi eru tilgreind helstu verkefni sem í hnotskurn snúast um að efla atvinnulíf og stuðla að jákvæðri byggðaþróun.
- Verkefni hennar eru fjölbreytt og þeim fjölgaði á árinu 2014
- Ýmsir aðilar leita til ráðgjafarinnar s.s. sveitarfélög, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar.
- Skrifstofa í Borgarnesi, en viðvera um allt Vesturland.





SSV

Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

# Málefni fatlaðra

- SSV stýrir byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Vesturlandi, þar sem meginverkefnið er að skipta fjárveitingum ríkisins niður á félagsþjónustusvæðin samkvæmt samþykktum reglum þar um
- Á Vesturland eru þrjú félagsþjónustusvæði; Akranes/Hvalfjörður, Borgarfjörður/Dalir og Snæfellsnes
- Sérstakt þjónusturáð heldur utan um verkefnið. Í ráðinu sitja sviðsstjóri fjölskyldumála á Akranesi, félagsmálastjóri Borgarbyggðar og forstöðumaður félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
- Störf ráðsins á árinu hafa snúist um samræmingu reglna, samráð um þjónustuna og fjármál
- Ríkið hefur unnið áfram að SIS-mati einstaklinga og hefur matið mikil áhrif á útdeilingu fjármagns. 29 Vestlendingar fengu mat á árinu.



SSV

Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

# Starfsendurhæfing Vesturlands

- Á aðalfundi í mars var sett af stað vinna við stofnun Starfsendurhæfingar Vesturlands
- Samningur við Virk undirritaður í júní sem fjármagnaði starfsemi Hæfingarhússins Hver á Akranesi að hluta.
- Starfsendurhæfing Vesturlands formlega stofnuð í desember. Stofnaðilar ásamt SSV eru; Símenntunarmiðstöðin, HVE, Vinnumálastofnun og stéttarfélag
- Starfsendurhæfingin rekur Hæfingarhúsið Hver á Akranesi og vinnur náið með ráðgjöfum Virk á Vesturlandi.

# Skrifað undir stofnsamning





# Almenningssamgöngur

- Reksturinn gékk ágætlega á árinu og var í jafnvægi
- Sátt náðist í deilum við Eyping um uppgjör á rekstrinum sem gildir út árið 2015
- Eftir er að leysa fortíðarvanda sem til varð árið 2012 vegna taps á rekstrinum þá.
- Þurfum að finna lausn til frambúðar varðandi skipulag á rekstri almenningssamgangna.



# Vaxtarsamningur

- Samningur gerður við ríkið í maí um fjármagn í Vaxtarsamning
- Ný stjórn skipuð í júní
- Úthlutað styrkjum að upphæð 24,5 mkr til 19 aðila
- Eftirspurn eftir stuðning hefur aukist undanfarin ár
- Vaxtarsamningur mun verða hluti af nýjum Uppbyggingarsjóði Vesturlands á árinu 2015, en sjóðurinn er hluti af Sóknaráætlun Vesturlands.



# Menningarsamningur

- Menningarráð Vesturlands lagt niður í árslok 2013
- Fagráð í menningarmálum stofnað, 3 fulltrúar
- Samningur gerður við ríkið í maí um fjármögnun menningarsamnings og styrkjum því úthlutað þegar töluvert var liðið á ári
- Stofn og rekstarstyrkjum úthlutað til 15 aðila alls 9 mkr
- Menningarstyrkjum úthlutað til 62 verkefna, alls 21,3 mkr.
- Menningarsamningurinn mun renna inn í Uppbyggingarsjóð Vesturlands á árinu 2015.